



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/2246
komudagur 5.5.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, utanríkismálanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. maí 2011 R2011040026
T-ums 21/11


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/1996, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum - 676. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 29. apríl 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með því sé leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda bókun við samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum sem gerð var í París 27. maí 2010. Samningurinn sjálfur var fullgiltur með lögum nr. 74/1996 og öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. nóvember 1996. Þá kemur fram í athugasemdunum að tilgangurinn með bókuninni sé sú að færa samninginn að þeim alþjóðlega mælikvarða sem nú gildir um upplýsingaskipti og snýr einkum að aðgengi stjórnvalda að upplýsingum sem eru í vörslum banka og annarra fjármálafyrirtækja. Þannig séu lagðar strangari skyldur á aðildarríki til að skiptast á upplýsingum.

Ríkisskattstjóri hefur ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og mælir með því að það verði lögfest sem fyrst.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þóroarson


Guðrún J. Jónsdóttir